

## 1944 nr. 34 17. júní

### [Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkis-skjaldarmerkið]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/1998, 13. gr.

**Tóku gildi 24. ágúst 1944.** *Breytt með:* L. 67/1998 (tóku gildi 24. júní 1998). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 28/2016 (tóku gildi 3. maí 2016). L. 32/2019 (tóku gildi 1. júlí 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr.

□ Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár með mjallhvítum krossi og eldrauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna ná alveg út í jaðra fánans, og er breidd þeirra  $\frac{2}{9}$ , en rauða krossins  $\frac{1}{9}$  af fánabreiddinni. Bláu reitirnir eru réthyrndir ferhyrningar: stangarreitirnir jafnhliða og ytri reitirnir jafnbreiddir þeim, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er 18:25.

#### ■ 2. gr.

□ Ríkisstjórn, Alþingi og aðrar opinberar stofnanir svo og fulltrúar [þess ráðuneytis er fer með utanríkismál]<sup>1)</sup> erlendis skulu nota þjóðfánann klotinn að framan: tjúgufána.

□ Tjúgufáninn er að því leyti frábrugðinn hinum almenna þjóðfána, að ytri reitir hans eru þrefalt lengri en stangarreitirnir og klauf upp í hann að framan, skorin eftir beinum línunum, dregnum frá ytri hornum fánans inn að miðlínu hans. Línur þessar skera innjaðra ytri reitanna, þar sem sam- an koma  $\frac{4}{7}$  ytri og  $\frac{3}{7}$  innri hlutar lengdar þeirra. Þar, sem línur þessar nema við arm rauða krossins, er hann þverskorinn.

□ [Tollgæslufáni er tjúgufáni með silfurlitu upphafstéi (T) í efra stangarreit miðjum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 67/1998, 1. gr.

#### ■ 3. gr.

□ [Fáni forseta Íslands er hinn íslenski tjúgufáni, en í honum, þar sem armar krossmarksins mætast, skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum, ferhyndum reit.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/1998, 2. gr.

#### ■ 4. gr.

□ Engin önnur merki en þau, er greindir í 2. og 3. gr., má nota í þjóðfánanum.

#### ■ 5. gr.

□ Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við hús, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa [þess ráðuneytis er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis].<sup>1)</sup> Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

□ [Tjúgufánann má aðeins nota á skipum sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir. Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæslu, tollgæslu, pósthlutnings, vitaefirlits, hafnsögu o.s.frv.) má það nota tjúgufánann af þeirri gerð sem við á skv. 2. og 3. gr.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 67/1998, 3. gr.

#### ■ 6. gr.

□ Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilföllum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng, sem reist er á jörðu. Á skipum skal stönginni komið fyrir í skut eða á ásenda aftur af því siglutré, sem aftast er. Ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á siglutré, eða aftasta siglutré, ef fleiri eru en eitt.

#### ■ 7. gr.

□ Með [reglugerð]<sup>1)</sup> skal kveða á um fánadaga og hve lengi dags fánanum megi halda við hún.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/1998, 4. gr. <sup>2)</sup> Forsúrsk. 5/1991.

#### ■ 8. gr.

□ [Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans og fer þá um rannsókn málsins að hætti [sakamála],<sup>1)</sup> en [ráðuneytið]<sup>2)</sup> sker úr um ágreininginn, [sbr. þó 11. mgr. 12. gr. um eftirlit Neytendastofu].<sup>3)</sup><sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 20. gr. <sup>3)</sup> L. 28/2016, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 67/1998, 5. gr.

#### ■ 9. gr.

□ Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum, sem [ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem gerðir eru með réttum litum og réttum hlutföllum reita og krossa.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 20. gr.

#### ■ 10. gr.

□ Lögreglan skal hafa eftirlit með því, að enginn noti þjóðfána, sem er ekki í samræmi við [ákvæði laga þessara, þar á meðal]<sup>1)</sup> sýnishorn þau, er greindir í 9. gr., eða svo upplitaður eða slitinn, að verulega frábrugðinn sé réttum fána um lit og stærðarhlutföll reita. Má gera slíka fána upptæka, ef notaðir eru á stöng eða sýndir úti eða inni, þar sem almenningur getur séð þá.

<sup>1)</sup> L. 67/1998, 7. gr.

#### ■ 11. gr.

□ Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venju- legan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa.

□ [Lög þessi ná jafnframt, eftir því sem við á, til hvers konar skírskotana til eða eftirlíkinga af þjóðfánanum, svo sem áprentana og myndvarpana.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/1998, 8. gr.

#### ■ 12. gr.

□ Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.

□ Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar. [Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.]<sup>1)</sup>

□ [Heimilt er að nota hinn almenna þjóðfána í merki, sbr. þó 2. mgr., eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu sé vara eða starfsemi sú sem í hlut á íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð.]

□ Vara telst íslensk ef hún er:

a. framleidd hér á landi úr innlendu hráefni,

b. framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis.

□ Þrátt fyrir b-lið 4. mgr. telst vara ekki íslensk ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera einkennandi hluti vörunnar og er eðlislíkt:

a. búvöru, þ.m.t. afurðum eldisfiska, sem er ræktað hér á landi,

b. vöru sem er framleidd hér á landi á garðyrkjubýli, gróðrarstöð eða garðyrkjustöð,

c. nytjastofnum sjávar sem veiddir eru af íslenskum skipum innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

□ Hönnunarvara telst íslensk ef hún er hönnuð af íslenskum aðila undir íslensku vörumerki þótt hún sé framleidd erlendis úr erlendu hráefni, enda sé ekki um að ræða hráefni sem er eðlislíkt innlendu hráefni sem telst hafa séríslenskan uppruna, einkenni eða eiginleika. Ef hönnunarvara er framleidd erlendis skal framleiðsluland vörunnar jafnframt koma fram.

□ Hugverk telst íslenskt ef það er samið eða skapað af íslenskum aðila.

□ Neytendastofa veitir leyfi fyrir notkun þjóðfánans í vörumerki sem skal skrásetja hjá [Hugverkastofunni].<sup>2)</sup><sup>1)</sup>

□ Nú hefur verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu [ráðuneytisins].<sup>3)</sup>

□ [Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.]<sup>4)</sup>

□ [Neytendastofa fer með eftirlit með notkun almenna þjóðfánans skv. 2.–10. mgr. Um málsmeðferð Neytendastofu, úr-ræði og viðurlög vegna brota á tilgreindum ákvæðum og um

kærurétt til áfrýjunarnefndar neytendamála fer að öllu leyti eftir ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

□ Ráðherra sem fer með málefni neytendamála er heimilt með reglugerð<sup>5)</sup> að setja nánari ákvæði um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæði þessu, svo sem um hvað teljist nægileg aðvinnsla, um mat á því hvað teljist einkennandi hluti vöru og eðlislíkt hráefni og um skilgreiningu framleiðslulands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 28/2016, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 32/2019, 9. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 20. gr. <sup>4)</sup> L. 67/1998, 9. gr. <sup>5)</sup> Rg. 618/2017.

#### ■ [12. gr. a.

□ Skjaldarmerki Íslands er auðkenni stjórnvalda ríkisins. Notkun ríkisskjaldarmerkisins er þeim einum heimil.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/1998, 10. gr.

#### ■ 13. gr.

□ [[Ráðuneytið]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> Leiðbeiningar 222/1966. Augl. A 32/2016. <sup>3)</sup> L. 67/1998, 11. gr.

#### ■ 14. gr.

□ Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. mgr. 12. gr. varða sektum . . . <sup>1)</sup> eða fangelsi allt að einu ári.

□ Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

□ . . . <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/1998, 12. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 234. gr.